

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 27. mars, 2023

Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 10. mars, 2022

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á fundinum var 1) farið yfir niðurstöður vinnudags nefndarinnar í janúar, 2) fjallað um loftslagsmál og 3) þátttöku Íslands í ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna.

Líkt og ég nefndi í bréfi til þín eftir vinnufundinn má í einföldu máli segja að niðurstöður vinnufundarins hafi verið stuðningur við að unnið sé markvisst að því að **ná 0,7 prósent markinu**, nýta **styrkleika Íslands**, auka slagkraft með **meiri samvinnu** þeirra sem koma að þróunarsamvinnu (til dæmis undir slagorðinu #TeamIceland), auknu **samstarfi við félagasamtök**, meiri stuðning við **mannúðar- og neyðaraðstoð**, áherslu á vinnu með **fátæku fólki** og að ný **stefna í þróunarsamvinnu verði skýr** og aðgengileg almenningi.

Í umræðum um vinnufundinn urðu áhugaverðar umræður um hverjir styrkleikar Íslands séu í þróunarsamvinnu. Einn nefndarmaður benti á að Ísland hefði ekki síður styrkleika í heilbrigði og menntun en öðrum þáttum sem oftast eru nefndir. Þessi umræða kemur upp reglulega og því velti ég fyrir mér hvort ekki sé ástæða til að greina skipulega **hverjir styrkleikar Íslands séu með tilliti til þróunarsamvinnu** með hátækum þjóðum. Slík greining þyrfti bæði að greina bæði hverjir styrkleikar Íslands séu, umfram aðrar gjafþjóðir, og tengja við þarfir í samstarfslöndum og möguleika þeirra til að nýta það sem Ísland getur lagt fram.

Benedikt Höskuldsson starfsmaður ráðuneytisins kom á fund nefndarinnar og lýsti vinnu að loftslagstengdri þróunarsamvinnu. Hann talaði af sannfæringarkrafti og lýsti meðal annars **afleiðingum orkufátæktar** fyrir 700 milljónir manna, sem þurfi að leysa á sama tíma og loftslagsbreytingar fela í sér alvarlegar afleiðingar sem hitta ekki síst fyrir sama fólk. Í umræðum benti hann á hvernig **lághitaframleiðsla geti tryggt fæðuöryggi** en hann sé t.d. hægt að nota við kælingu og þurrkun matvæla án neikvæðra loftslagsáhrifa.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Oddur Ingi Stefánsson, starfsmenn ráðuneytisins, fóru yfir innri rýni á þátttöku Íslands í Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna. Skoðun á árunum 2005 til 2015 sýndi að á þeim tíma höfðu 10 einstaklingar tekið þátt í áætluninni. **Allir starfa þessir einstaklingar enn á sviði þróunarsamvinnu eða alþjóðamála**. Ef tilgangurinn með því að senda ungt fólk utan til starfa hjá alþjóðastofnunum sé að það haldi áfram að vinna að alþjóðamálum og þróunarsamvinnu fyrir Ísland hlýtur þetta að teljast ánægjuleg niðurstaða.

Með bestu kveðju,



Þórir Guðmundsson
formaður Þróunarsamvinnunefndar